

Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Garðabæ, 09.12.2021
Málsnr. 2110166

Efni: Breyting á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030, Urriðaholt, og breyting á deiliskipulagi Urriðaholts, norðurhluta 4. Forkynning.


Þann 21. október samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar um að kynna samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar vegna breytinga og samruna á landnotkunarreitum 5.04 Vþ og 5.08 Vþ sem verður eftir breytingu 5.04 Vþ og minnkar úr 9,6 ha í 3,5 ha. Landnotkunarreitur 5.05. Íb stækkar úr 60,8 ha í 66,9 ha eða um 6,1 ha. Samhliða er lögð fram breyting á deiliskipulagi.

Deiliskipulagsbreytingin er aðgengileg á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is, og í þjónustuveri Garðabæjar. Birt verður auglýsing um kynningu hennar í Fréttablaðinu, Garðapóstinum, Lögbirtingu og á heimasíðu Garðabæjar.

Óskað er eftir umsögn skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga frá eftirfarandi, Skipulagsstofnun, Svæðisskipulagsnefnd Höfuðborgarsvæðisins, Kópavogsbæ, Hafnarfjarðarbæ, Umhverfisstofnun og Minjastofnun.

Umsagnir skulu berast fyrir 12. janúar 2022 á netfangið skipulag@gardabaer.is eða á bæjarskrifstofu Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ.

Virðingarfyllst,



Arinbjörn Vilhjálmsson,
skipulagsstjóri

